

Skíðasamband Íslands
Skíðaðing 20. maí 2010



Reykjavík

Efnisyfirlit

1. Þingsetning.....	3
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar	3
3. Ávörp gesta	4
4. Álit kjörbréfanefndar	4
5. Skýrsla stjórnar og nefnda	5
6. Reikningar SKÍ framlagðir	5
7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.....	5
8. Reikningar bornir undir atkvæði.....	6
9. Fjárhagsáætlun lögð fram	6
10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda.....	6
11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	6
12. Úthlutun móta og annarra verkefna	6
13. Nefndarálit kynnt	7
1. Alpagreinanevnd.....	7
2. Skíðagöngu- og trimmnefnd	7
3. Fjárhags og útbreiðslunevnd.....	8
14. Tillögur og ályktanir afgreiddar	9
15. Kosningar.....	9
16. Önnur mál	10
17. Þingslit	11

Fimmtudagurinn 20. Maí 2010

1. Þingsetning

Daníel Jakobsson setti þingið og bauð alla velkomna. Þingsetning var fimmtudaginn 20. maí kl. 16:15 og áætluð þinglok eru kl. 23:00.

2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti nr.1 var kosinn Kristján Vilhelmsson

Þingforseti nr. 2 Páll Grétarsson

Þingritari nr. 1 var kosin Heiður Hjaltadóttir

Þingritari nr. 2 Hildigunnur Svavarsdóttir

Þingforseti Kristján Vilhelmsson þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár. Áætlað er að þingfundur standi til klukkan 17:30 þá verður gert hlé. Nefndir starfa frá klukkan 17:30 – 18:30, en þá verður matarhlé til kl. 19:30 og nefndir hefja þá aftur störf til kl. 20:00, eftir það mun þingið halda áfram.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Næsta mál var að kjósa starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd – hlutverk er að safna saman kjörbréfum og fara yfir þau, tilkynna hvað margir eru mættir til þings og hversu margir atkvæðabærir þingfulltrúar eru á svæðinu.

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þeir Smári Rúnar Þorvaldsson, Ástvaldur Kristinsson og Ingólfur Gíslason.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Smári Rúnar Þorvaldsson fór fyrir nefndinni.

Kjörnefnd – hlutverk er að finna fulltrúa í embætti í þær nefndir sem kosið verður um í dag og einnig í stjórn sambandsins.

Tilnefnd í kjörnefnd voru þau Óskar Óskarsson, Jóna Lind Karlsdóttir og Hildigunnur Svavarsdóttir.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Óskar Óskarsson fór fyrir nefndinni.

3. Ávörp gesta

Þingforseti les bréf sem þinginu barst frá Önnu Karólínu Vilhjálmisdóttur fyrir hönd Íþróttasambands fatlaðra.

Ólafur E. Rafnsson ávarpar þingið og, flytur kveðju Framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Ólafur fer yfir þátttöku ÍSÍ í SKÍ og þá styrki sem SKÍ fær frá ÍSÍ. Síðastliðinn vetur tókst að fá framlög frá ríkinu og mikilvægt að halda í þá styrki áfram.

Ólafur fór yfir þátttöku Íslands í Vetrarólympíuleikunum sem fram fóru í Vancouver í Kanada í febrúar 2010. Hann var mjög ánægður með samskiptin við alla sem þátt tóku í leikunum og talar um að reynslan sem menn fengu af leikunum komi til með að nýtast þeim til góðs í Ólympíuleikum framtíðarinnar.

Ólafur lýsir yfir ánægju sinni með bréf sem þeim barst frá Auðunni Kristinssyni formanni skíðadeildar ÍR sem talar um þróunarstarf í greininni.

Einnig fer Ólafur inn á umræðuna um snjóframleiðslukerfi í Bláfjöllum og lýsir yfir fullum stuðningi ÍSÍ við Skíðasamband Íslands í þeirri baráttu. Nefnir jafnframt að það sé mikilvægt að íþróttafélögin myndi breiðfyrkingu í baráttu sinni til að fá snjóframleiðsluvélar í Bláfjöllin.

Að lokum þakkar Ólafur, Daníel Jakobssyni fyrir vel unnin störf í gegnum árin og afhendir honum gullmerki ÍSÍ, þar sem Daníel er nú að hætta sem formaður SKÍ.

Friðrik Einarsson frá ÍSÍ kom næstur í ræðustól. Hann talar um hversu ótrúlegan kraft skíðafólk hefur sýnt sl. vetur með endalausum ferðum norður í land til að stunda íþróttina sökum snjóleysis sunnanlands. Hann er ánægður með hversu langur opnunartíminn er í Hlíðarfjalli og hversu marga daga hefur verið hægt að hafa opið þar.

Friðrik fer því næst yfir þau verkefni sem eru í gangi á hverju ári hjá Afrekssviði ÍSÍ í tengslum við skíðaíþróttina. Þeir eru búnir að útbúa kynningarbækling á því sem framundan er á næstu árum fyrir krakka og unglínga á heimsvísu s.s. Ólympíuleikar æskunnar. Undirbúningur er einnig hafinn fyrir Ólympíuleikana 2014 sem fram fara í Rússlandi.

Bæklingnum er svo dreift til kynningar á þinginu, verður svo í framhaldinu settur á netið.

4. Álit kjörbréfanefndar

Smári Rúnar Þorvaldsson kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. 5 kjörbréf fengin. Fjöldi þingfulltrúa sem eru mættir eru 23 af 40 sem hafa rétt til setu.

- Skíðaráð Reykjavíkur með 7 fulltrúa og 7 mættir
- Skíðafélag Akureyri með 5 fulltrúa og 5 mættir
- Skíðafélag Ísafjarðar með 5 fulltrúa og 5 mættir
- Breiðablik með 3 fulltrúa og 3 mættir
- Skíðafélag Dalvíkur með 3 fulltrúa og einn til vara, 4 mættir.

Það vantar fulltrúa frá Ólafsfirði, ÚÍA, HSP, HSH, Skíðafélag Siglufjarðar og Sauðárkróki.

Þingforseti þakkar kjörbréfanefnd fyrir sín störf og minnir á að þegar kemur að atkvæðagreiðslu á þinginu þá eru 23 atkvæðabærir þingfulltrúar.

5. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Daníel Jakobsson* kynnir skýrslu stjórnar.

Skýrslan var send nefndarmönnum fyrir nokkrum dögum og allir eiga að vera búnir að kynna sér hana.

Í stjórninni sitja 7 aðalmenn og 3 varamenn, allir fundirnir voru haldnir í Reykjavík, nema 1 á Akureyri.

Stærsta verkefni vetrarins voru Ólympíuleikarnir í Vancouver í Kanada. Fjórir keppendur frá Íslandi, 3 karlar og 1 kona. Árangur ekki í takt við væntingar, en þátttakan mikill heiður.

Krakkarnir höfðu lagt mikið á sig til að ná markmiðunum.

Talar um hve samstarfið við ÍSÍ var gott við undirbúning Ólympíuleikanna. Vill að krakkarnir sem koma að verkefnum SKÍ finnist að þau séu komin örlítið herra en í verkefnum félaganna. Allt sem snéri að ÍSÍ varðandi umgjörð Ólympíuleikanna var frábært.

Umfang alpagreinanna hjá SKÍ er mikið, erum með stórt hlutfall afreksfólks í landsliðum.

Daníel talar um að starf Þórunnar Sifjar jafnist á við starf þriggja starfsmanna. Ánægður með hennar störf.

Skíðasambandið var með tvo launaða þjálfara í alpagreinum í vetur.

Í skíðagöngunni hefur verið einn launaður þjálfari í vetur. Krakkarnir fengu mjög mikla þjálfun. Gangan á undir högg að sækja sem keppnisþrótt en er í aukningu sem almenningsþrótt.

Fræðslunefnd hefur verið öflug í vetur og bauð upp á námskeið sem hafa ekki verið haldin áður. Hvetur formenn skíðadeilda til að hvetja þjálfara til að sækja sér námskeið á vegum SKÍ. Það skiptir miklu máli fyrir hreyfinguna að hafa vel menntaða þjálfara.

Í vetur tókst að halda nánast öll mót sem þurfti að halda. Einhver þurfti að flytja innan tíma og staða. Mikið álag á Akureyringum vegna mótahalda. Skíðamót Íslands var á Ólafsfirði og Dalvík. Þar þurfti að fresta greinum vegna vonds veðurs, en mótið var afar glæsilegt og vel að öllu staðið.

Unglingameistaramót Íslands var flutt frá Reykjavík til Siglufjarðar. SKRR stóð sig mjög vel við flutningana. Var vel að verki staðið í alla staði.

SKÍ er með 70 milljón króna veltu á ári. Reyna eftir fremsta megni að hitta á núllið. Veturinn í vetur var rekinn með smá tapi og skýrist það af Ólympíuleikunum, en er ekkert sem mun ríða sambandinu að fullu.

Mannvirkjanefnd, mikil þekking þar innan og mikið til hennar leitað varðandi lausnir fyrir skíðasvæðin. Mikilvægt að koma á snjóframleiðslu í Reykjavík. Virðist ljóst að farið verði í framleiðslu, bara spurning hvenær verður byrjað. Ekki bjartsýnn á að það takist fyrir næsta vetur.

Sögunefnd, stóð fyrir kynningu í Kringlunni á skíðafatnaði í gegnum árin.

Að lokum þakkar *Daníel* kærlega fyrir samstarfið í vetur.

6. Reikningar SKÍ framlagðir

Óskar Garðarson gjaldkeri talar fyrir reikningum. Allir þingfulltrúar hafa reikninga fyrir framan sig til hliðsjónar.

7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga

Þingforseti bauð þingfulltrúum að tjá sig um skýrslu stjórnarinnar.

Guðmundur Jakobsson hefur verið formaður alpagreinaneftndar SKÍ í 10 ár. Þjálfaði m.a. Kristinn Björnsson. Umfang alpagreinaneftndar hefur aukist mikið í gegnum árin, eru með yfir 100 keppendur í 15+. Leggja mikið upp úr því að búa til afreksmenn með því að hafa standardinn hærrí. Guðmundur var ekki sáttur með árangur Ólympíufaranna, en ánægður með krakkana. Hann var úti í heilan mánuð, í sjálfboðavinnu. Alpagreinaneftnd hefur mjög takmarkaðan pening til að styðja sína krakka og gerir það starfið mun erfiðara en ella. Vill meina að starfið hafi blásið of mikið út undanfarið sem hefur komið niður á þeim albestu. Guðmundur talar um að alpagreinaneftnd hafi mistekist að halda vel utan um stelpurnar sem eru í SKÍ, þær eru um 10 og flestar í skólum erlendis. Guðmundur ætlar ekki að gefa kost á sér áfram sem formaður, en vill vera á hliðarlínunni og aðstoða eftir bestu getu. Hann vill hjálpa nefndinni og hyggst fylgja sínum syni eftir í íþrótt sinni. Þakkar alpagreinaneftnd Einari Þór, Arnari Gauta og Ögmundi fyrir samstarfið.

8. Reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2010-2011 kynnt af Óskari Garðarssyni, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig. Leggur til að áætluninni verði vísað til fjárhags- og útbreiðslunefndar.

10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Mæla fyrir framkomnum tillögum. Sá dagskrárliður á núlli.

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun.

Þingskjal nr. 2 – Gjaldskrá Skíðasambandsins.

11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða þrjár nefndir, Alpagreinaneftnd, Skíðagöngu- og Trimmneftnd og Útbreiðslu- og Fjárhagsneftnd.

Alpagreinaneftnd Einar Þór stjórnar og Arnar Gauti ritar.

Skíðagöngunefnd og trimmneftnd Ólafur Björnsson stjórnar og Þóroddur Þóroddsson ritar.

Fjárhags- og útbreiðslunefnd Daníel Jakobsson stjórnar og Hildigunnur Svavarsdóttir ritar níðurstöður.

Starf nefndanna hefst kl. 17:45. Þar ræða nefndir þau þingskjöl sem vísað var til þeirra. Gert er ráð fyrir 2 klst fyrir störf þeirra. Þingforseti hvetur til að umræður verði góðar og gagnlegar. Matarhlé verður gert kl. 18:30-19:30.

12. Úthlutun móta og annarra verkefna

Skíðafélag Akureyrar sótti um að halda Unglingameistaramót Íslands 2011, en engin umsókn barst um Skíðamót Íslands.

13. Nefndarálit kynnt

1. Alpagreinanevnd - Einar Þór Bjarnason mælir fyrir þeirri nefnd og kynnir niðurstöðu fundarins.

Nefndarstarf:

Alpagreinanevnd, lagt var til að komið yrði á tveimur samstarfsvettvöngum.

Helgi Geirharðsson samdi ályktun, þar sem samráðsvettvangur verður ákveðinn fyrir aðildarfélög SKÍ. Lagt til að forráðamenn deilda og forráðamenn skíðasvæða setjist niður og fari yfir það hvað má sem best gera til að bæta aðgengi að skíðasvæðunum fyrir keppendur - sameiginlegt lyftugjald yfir öll skíðasvæði landsins til að auðvelda keppendum að sækja þau svæði sem henta hverju sinni.

Landsliðsþjálfari, - spurning hvort hann eigi að starfa innanlands eða erlendis. Spurning hvort landsliðsþjálfari SKÍ eigi að geta sinnt öllum, þ.e. þeim sem eru heima eða erlendis.

Samvinna milli félaga og landsliðsþjálfara varðandi félags og uppbyggingastarf.

Lagt til að Alpagreinanevnd komi á fundi þjálfara og forsvarsmanna klúbbanna þar sem komið verði á samstarfi á milli deilda og þjálfara.

Upp kom spurningin: Hvað er afreksmaður á skíðum?

Skíðaðing leggur fram tillögu til stjórnar SKÍ

Aðgengi að brekkum

Fjölbreytileiki æfingasvæða

Troðsla

Aðgengi að æfingasvæðum

Sameiginlegir lyftupassar

Ályktun 1

Á fundi alpagreinanevndar Skíðasambandsins á Skíðaðingi 2010 var samþykkt að leggja fram eftirfarandi tillögu:

Samráðsvettvangur iðkenda skíðaíþróttarinnar og rekstraraðila skíðasvæðanna.

Lagt er til að stjórn Skíðasambandsins beiti sér fyrir því að settur verði á laggirnar vettvangur þar sem iðkendur íþróttarinnar og rekstraraðilar skíðasvæðanna setjist niður augliti til auglitis og fari yfir þarfir skíðamanna og hvernig rekstraraðilar geti með skynsamlegum hætti komið til móts við þau atriði sem skíðamenn telja að geti bætt þeirra aðstöðu til æfinga og keppni.

Lagt er til að valdir verði fulltrúar skíðahreyfingarinnar úr hópi stjórnenda félaganna, Skíðasambandinu og hópi þjálfara til þessa samráðs. Þau atriði sem taka þarf til umræðu eru m.a. eftirfarandi:

- Aðgengi að brekkum
- Fjölbreytileiki æfingasvæða
- Troðsla
- Tímasetningar og opnun æfingasvæða
- Afmörkun æfingasvæða
- Sameiginlegt lyftugjald – Skynsamlegt endurgjald
- Skilningur á því að þessir iðkendur eru líka viðskiptavinir

2. Skíðagöngu- og trimmnefnd

Ólafur Björnsson – fór fyrir nefndinni og kynnti starfið sem fram fór í henni.

Nefndarstarf.

Fræðslumál, eftirlitsmannamál, þjálfaranámskeið í héröðunum. Stefnt er að því að hafa þjálfaranámskeið í haust með nýjum landslíðsþjálfara. Hafa verið í vandræðum með eftirlitsfólk á bikarmótum, voru með hugmyndir hvernig er hægt að laða nýtt fólk að. Landslíðsþjálfari verður ráðinn á næstu dögum, Linus Davidson, sem var í fyrra. Mótamál voru rædd bæði framkvæmd og uppsetning. Komið inn á mannvirkjamál varðandi skíðagöngubrautir, mannvirkjanefnd hefur ekki komið að þeirra málum. Fóru í gegnum mótin sem haldin voru í vetur, öll mótin voru haldin, en sum voru færð. Bláfjallaganan fór t.d. fram á Siglufirði.

3. Fjárhags og útbreiðslunefnd

Daníel Jakobsson fer yfir gjaldskrána:

- Lagt til að hún verði óbreytt, nema að almenningsgöngur vegalengd styttri en 20 km. Almenningsgöngur vegalengd 20 km og lengri.

Skíðaping lýsir þungum áhyggjum af snjóleysi á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarbúar flyktust norður í land allar helgar til að stunda íþróttina með tilheyrandi kostnaði. Búið er að eyða miklum fjárumum í mannvirki á skíðasvæðum höfuðborgarbúa og skorar skíðapingið á sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að koma sem fyrst á snjóframleiðslubúnaði í Bláfjöllunum svo hægt verði að stunda íþróttina sunnanlands líka.

Þingskjal nr. 2 Gjaldskrá Skíðasambands Íslands

Samþykkt að breyta í gjaldskránni:

- Almenningsgöngur **13 ára og eldri** verði allir flokkar vegalengd styttri en 20km kr. 1.000 pr. grein helmingur til SKÍ
- Almenningsgöngur **16 ára og eldri** verði allir flokkar vegalengd 20 km og lengri kr. 2.000 pr. grein helmingur til SKÍ

Verður því:

- Almenningsgöngur allir flokkar vegalengd styttri en 20 km kr. 1.000 pr. grein helmingur til SKÍ
- Almenningsgöngur allir flokkar vegalengd 20 km og lengri kr. 2.000 pr. grein helmingur til SKÍ

Vísað til þingsins sem samþykkti tillöguna.

Ályktun 2

Skíðaping lýsir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi til skíðaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu en síðastliðinn vetur var skíðamönnum þar mjög erfiður. Viðvarandi snjóleysi olli því að skíðaáhugamenn sunnan heiða þurftu að leggja á sig langar og strangar ferðir norður í snjóinn með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Einungis var opið í 5 daga á hluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum og aldrei opnað í Skálafelli. Þrátt fyrir að stór hópur skíðamanna hafi sýnt aðdáunarverða þrautsegju og úthald við erfiðar aðstæður er ljóst að takmörk eru fyrir öllu og óvíst hvenær þessi hópur gefst upp með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir skíðaíþróttina á landsvísu, hvort heldur sem litið er til íþróttarinnar sem keppnisíþróttar eða dægrardvalar almennings.

Á undanförunum árum hefur verið lagt í miklar fjárfestingar í búnaði og umgjörð á skíðasvæðunum svo sem lyftur, skála, vegi og bílastæði sem nú koma engum að gagni. Í því samhengi er kostnaður við að koma upp snjóframleiðslukerfi og bæta við snjógirðingum óverulegur.

Árspaning Skíðasambands Íslands haldið í Reykjavík 20. maí 2010 skorar því á sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að tryggja áframhaldandi vöxt og viðgang skíðaíþróttarinnar með því að koma upp fullkomnu snjóframleiðslu- og snjósöfnunarkerfi á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins án tafar. Verða sendar á sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu og sveitarstjórn Vesturbyggðar, Ísafirði.

14. Tillögur og ályktanir afgreiddar

Báðar ályktanirnar samþykktar með lófaklappi.

15. Kosningar

Fyrir þingingu liggur tillaga frá kjörnefnd. Liggur fyrir að formaður sé kosinn til eins árs og var *Páll Grétarsson nýkjörinn*, tillagan samþykkt með lófaklappi.

Í stjórn SKÍ ber að kjósa þrjá aðila (til tveggja ára), tilnefndir eru: *Birgir Gunnarsson, Björn Gunnarsson og Arnar Gauti Reynisson*. Til eins árs *Óskar Garðarsson*. Allir þessir aðilar kosnir með lófaklappi.

Í varastjórn voru tilnefnd: *Helgi Geirharðsson, Óskar Óskarsson og Dagný Linda Kristjánsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Endurskoðendur voru kosnir sem aðalmenn: *Björk Guðmundsdóttir og Guðmundur B. Guðmundsson*. Til vara: *Axel Alfreðsson og Auður Björg Sigurjónsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Í skíðadómstól voru kosnir sem aðalmenn: *Jóhann Haukur Hafstein, Haukur Örn Birgisson og Gísli Einar Árnason*. Til vara: *Egill Jóhannsson, Björn Þór Ólafson og Jakob Einar Jakobsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Fastanefndir: 12 nefndir

Í alpagreinaneftnd voru kosnir *Einar Þór Bjarnason, Ögmundur Knútsson, Sindri Már Pálsson og Helga Björk Árnadóttir*. Nefndin samþykkt með lófaklappi.

Í Skíðagöngunefnd voru kosnir þeir *Heimir Hansson, Ólafur Björnsson og Jakob Einar Jakobsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Trimmnefnd voru kosnir þeir *Einar Yngvason, Heimir Hansson og Ingbór Bjarnason*. Óbreytt frá fyrra ári. Samþykkt með lófaklappi.

Í Fræðslunefnd voru þau kosin: *Ólafur Björnsson, Hildigunnur Svavarsdóttir og Gunnar Reynisson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Útbreiðslunefnd voru kosin: *Halldór Jóhannsson og Margrét Mýrdal*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Sögunefnd var kjörinn: *Ólafur Sigurðsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Mannvirkjanefnd voru kosnir þeir *Guðmundur Jakobsson, Daníel Jakobsson og Örn Kjartansson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Móta og aganefnd voru kosnir þeir *Gunnar Reynisson, Benedikt Hermannsson og Kári Jóhannesson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Fjárhagsnefnd voru kosnir þeir: *Örn Kjartansson og Kristján Vilhelmsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í Laga- og reglugerðarnefnd voru kosin þau: *Auður Björg Sigurjónsdóttir, Ástvaldur Kristinsson og Margrét Guðmundsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Punktaformaður alpagreina var kosinn *Elmar Hauksson*. Samþykkt með lófaklappi.

Punktaformaður skíðagöngu var kosinn *Ólafur H. Björnsson*. Samþykkt með lófaklappi.

16. Önnur mál

Smári Þorvaldsson orti eftirfarandi vísu og fór með:

*Á Skíðaþing við skundum
og skröfum á því móti,
hvort ásátt skyldum stundum
skíða bara á grjóti*

Björgvín Hjörleifsson orti eftirfarandi vísu og fór með:

*Ofan úr loftinu lítill snjór
lélegt er skíðafærið.
Bregðum nú byssum í einum kór
á Bláfjallafyrirbærið.*

Örn Kjartansson orti eftirfarandi vísu:

*Með skínandi gullmerki í barm
hann skilur eftir sig von
og hreyfingin grætur sinn harm
þú ágæti Daníel Jakobsson*

Hjalti Karlsson, Ísfirðingar vilja bera upp eitt mál. Andrésarleikarnir og Fossavatnsgangan lenda á sömu helgi á næsta ári. Ísfirðingar eru mjög ósáttir við þetta. Hjalti vill spyrja um þetta og fá málið á hreint. Þ.e. hvort niðurstaðan verði sú að mótin verði haldin sömu helgi.

Kristján Vilhelmsson svarar fyrirspurn Hjalta:

Það er í höndum mótanefndar SKÍ að ákveða dagsetningar móta ekki í höndum einstakra aðila. Það hefur ekki verið tekin um það ákvörðun hvort Andrés verði þá helgi sem Fossavatnsgangan verður. Það á eftir að takast á um þetta mál. Útilokað að halda tvö stærstu skíðamót landsins sömu helgina að því er Kristjáni Vilhelmssyni finnst.

Óskar Óskarsson: Þakklæti til Gumma Kobba fyrir samstarfið undanfarin ár. Verður söknuður af honum í forystusveitinni.

Leggur til að Unglingameistaramót Íslands verði fellt niður, bara haldið Skíðamót Íslands. Spurning um að halda fleiri bikarmót hjá 13-14 ára og enda vertíðina á Andrés og krýna bikarmeistarana þá.

Á að negla niður nokkra mótsstaði fyrir SMÍ og láta svo rúlla áfram?

Spurning hvort enginn treystir sér í þetta verkefni, þar sem engin umsókn um SMÍ hefur borist þetta árið.

Guðmundur Jakobsson vill þakka mörgum fyrir samstarfið undanfarin ár. Vill meina að við eigum stóran og öflugan hóp af keppendum í dag.

Ingólfur Gíslason, talar um dagsetninguna vegna Andrés og Fossavatnsgöngunnar. Pressað mikið fyrir norðan að ákveða dagsetningu upp á hótél og skíðasvæðin á Akureyri. Biður mótanefnd að vera fljóta að ákveða hvernig á að leysa þessi mál og fá dagsetningu á hreint.

Kristján Vilhelmsson, þakkar fyrir sig, er búinn að starfa í stjórninni í mörg ár. Er að hætta í stjórn SKÍ.

Daníel Jakobsson – þakkar Þórunni fyrir að umbera sig sl. 3 ár.

17. Þingslit

Páll Grétarsson slítur þinginu.

- þakkar fyrir traustið sem honum er sýnt með því að vera kosinn formaður.
- var fyrst kosinn í stjórn SKÍ fyrir 19 árum síðan.
- hlutverk SKÍ að stuðla að bættri skíðaaðstöðu um allt land.
- boðar þá félagu Daníel Jakobsson, Kristján Vilhelmsson og Guðmund Jakobsson upp til að afhenda þeim bindisnælur með merki Skíðasambandsins með þakklæti fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Þeir ætla allir að starfa áfram í ýmsum nefndum fyrir SKÍ.
- Arnar Gauti Reynisson kemur nýr inn í stjórn SKÍ og Dagný Linda Kristjánsdóttir kemur ný inn sem varamaður í stjórn.